

## Fundargerð

# Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar

## 8. fundur

Stjórn til undirbúnings að stofnun sameinaðs sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar kom saman til 8. fundar í ráðhúsi Borgarbyggðar þann 22. apríl 2026 kl. 10:00.

### Fundinn sátu:

- Kristín Jónsdóttir, Skorradalshreppi
- Sigrún Þómar, Skorradalshreppi
- Jón Eiríkur Einarsson, Skorradalshreppi
- Stefán Broddi Guðjónsson, Borgarbyggð
- Guðveig Lind Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, Borgarbyggð
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG (sat fundinn á Teams)
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG sem ritaði fundargerð (sat fundinn á Teams)

### 1. Könnun um nafn á sameinuðu sveitarfélagi

Þórunn Unnur Birgisdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbyggð kom inn á fund undir þessum dagskrárlið og kynnti stöðu á skoðanakönnun um nafn á sameinað sveitarfélag.

*Afgreiðsla:*

*Kynning.*

### 2. Tillögur um breytingu á samþykkt sameinaðs sveitarfélags

LÓ fór yfir tillögur undirbúningsstjórnar til sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags um breytingu á samþykkt. Umræður um skipan fulltrúa í sameiginlegar stjórnir. Skoða þarf breytingar á samþykktum Sameiginlegs fjallskilaumdæmis fyrir Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp, Snorrastofu og Brákarhlíðar með tilliti til breyttrar sveitarfélagaskipunar. Skoða þarf stöðu Skorradalshrepps varðandi fjallskiladeildir sérstaklega og hvort þörf er á sérstakri fjallskilanevnd fyrir svæðið.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að tillag að samþykkt verði hluti af skilaskýrslu undirbúningsstjórnar. Undirbúningsstjórn beinir því til stjórnar fjallskilaumdæmis fyrir Akraneskaupstað, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp að hún beiti sér fyrir uppfærslu fjallskilasamþykktar fyrir umdæmið.*

### 3. Yfirlit um samninga og reglur

JHF fór yfir stöðu á yfirferð á samningum og reglum sveitarfélaganna. Rætt um uppsögn samning um leigu á skrifstofuhúsnæði á Hvanneyri o.fl.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt að yfirlit yfir samninga og ráðleggingar til sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags varðandi þá verði hluti af skilaskýrslu undirbúningsstjórnar.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:10.